



Haustslátrun sauðfjár 2014

Slátrun & verðlagning

Slátrun hófst miðvikudaginn 20. ágúst. Aftur var slátrað miðvikudaginn 27. Ágúst. Slátrað verður 2000 kindum samtals miðvikudag og fimmtudag 3. og 4. september. Samfelld slátrun hefst miðvikudaginn 10. september með um 1500 lömbum og svo stigvaxandi í fulla slátrun í viku 38.

Verðskráin má sjá á heimasíðu félagsins http://www.ss.is/til_baenda/afurdaverd/saudfe/. Henni verður breytt ef þörf krefur enda stefna félagsins að greiða samkeppnishæft verð hverju sinni.

SS hefur ákveðið í þjónustuskyni við bændur að taka ógelta fullorðna hrúta til slátrunar í september. Ekki er unnt að greiða fyrir afurðirnar, en félagið flytur, slátrar og afsetur bændum að kostnaðarlausu. Þetta gildir um hrúta sem slátrað verður fyrir 1. október 2014. Vegna álags við dilkaslátrun verður ekki hægt að taka við fullorðnum hrútum eftir þann tíma. Bændum er vinsamlega bent á að panta sem fyrst óski þeir slátrunar fullorðinna hrúta.

Sauðfjárinnlegg verður staðgreitt föstudag eftir innleggsviku.

Pantanir fyrir slátrun

Pantanir fyrir slátrun eru með sama hætti og undanfarin ár. Í flestum tilfellum fara pantanir í gegnum deildarstjóra. Almenn gildir að þeir sem panta fyrst fá sláturtíma uns hver vika fyllist. Ef áhugi á einstökum sláturvikum er umfram afköst þá áskilur félagið sér rétt til að skipta sláturtíma niður á deildirnar þannig að hver deild hafi sambærilegan aðgang að slátrun.

Heimtaka – Framkvæmd

Til að gera góða framkvæmd á heimtöku mögulega þarf alltaf að liggja fyrir við afhendingu fjár hvað á að taka heim og hvernig á að vinna það. Ekki er hægt að breyta heimtöku eftir slátrun og biðja um að skrokkar séu teknir eftir númerum í mismunandi vinnslu. Í þessu felst einnig að ekki er hægt að velja skrokka til heimtöku um leið og mat fer fram. Sumir bændur vilja taka heim lömb sem falla. Til að það sé hægt þarf að skrifa á athugasemdakaflann á heimtökublaðinu að óskað sé að taka heim allt að 5 skrokka sem falla í fituflokka 4 og 5 svo dæmi sé tekið.

Það eru mörg dæmi um að bændur vilji taka heim ákveðna gripi og sjálfsagt að verða við því en það verður að gerast með þeim hætti að bændur merki með lit enni þeirra gripa sem á að taka heim. Þá er hægt að hafa þá aftast í sláturröðinni og stýra heimtökunni með þeim hætti. Ef merkt er með lit er mikilvægt að litur fari alls ekki á gærna til að hún verðfalli ekki.

Í haust verður boðið upp á að sækja heimtökuna bæði til SS á Hvolsvelli og til SS í Reykjavík til hentugleika fyrir þá sem ekki eiga leið til Selfoss. Heila skrokka er æskilegt að sækja daginn eftir slátrun en allt sem er sagað verður tilbúið á öðrum degi eftir slátrun. Heimtaka verður aðeins afhent innleggjanda eða fulltrúa hans og kvitta þarf fyrir móttöku. Skv. reglum er öll umferð óviðkomandi bönnuð á lóðum sláturhúsa. Því verður að beina því til bænda sem deila kjöti til annarra að það sé gert utan sláturhúslóðar. Ef kjötið hefur ekki verið sótt á þriðja degi verður það sent heim til bænda með Flytjanda með þeim kostnaði sem tilgreindur er hér fyrir neðan.

Öllu heimteknu kjöti, sem er sagað, verður pakkað í poka og kassa. Þessi frágangur er mun vandaðri en að nota aðeins poka og auðveldar allra meðhöndlun.

Skv. reglugerð þá má ekki afhenda kjöt af fullorðnu í heilu. Kjöt af fullorðnu verður að saga til að hægt sé að fjarlægja mænuna áður en kjötið fer frá sláturhúsi.

Aftast í fréttabréfinu er eyðublað fyrir heimtöku sem óskað er að bændur fylli út og afhendi bílstjóra. Eyðublaðið má einnig finna á heimasíðu félagsins í kaflanum um sauðfé.

Gjald í haust fyrir heimtöku og 7 parta sögun verður 2950 kr/stk fyrir dilka og 3090 kr/stk fyrir fullorðið. Fínsögun kostar aukalega 690 kr/stk. Afhending á Selfossi, Hvolsvelli og á Fosshálsi er án kostnaðar. Kostnaður

af heimsendingum innan félagssvæðis SS er 695 kr/stk. Sent verður með Flytjanda. Slátur fylgir ekki heimteknu kjöti.

Fyrir sama gjald er boðið upp á frystingu á dillakjöti en þá er ekki hægt að afhenda kjöt frá völdum býlum heldur er selt kjöt af sama gæðaflokki og beðið er um og getur verið frá einhverjum öðrum. Frosið kjöt sem er selt sem heimtaka er afhent eftir innlegg eins og önnur heimtaka.

Heimtaka er slátrun fyrir bændur á lægra verði en almennt er boðið og ber ekki fullan kostnað. Þessi slátrun er takmörkuð við eðlilega heimanotkun og heimasölu bænda og er miðað við 40 skrokka sem hámark. Heimtaka umfram 40 skrokka verður verðlögð sem verktakaslátrun og kostar 4310 kr/stk.

Vsk bætist við allar ofangreindar tölur.

Flutningar á sauðfé – Afhending & lágmarksfjöldi

Það er mikilvægt að bændur og Sláturfélagið vinni saman að því að bæta líðan fjár á leið til sláturhúss. Það eru bein tengsl á milli dýravelferðar og gæða afurða. SS leggur til vönduð flutningstæki og reynda samvisskusama bílstjóra. Bændur þurfa að hafa góða aðstöðu til hleðslu bíla og leggja kapp á að skila fé hreinu. SS mun í haust eins og áður skrá niður aðstöðu á bæjum og þann tíma sem tekur að koma fénu á bíl. Aðstaða hefur víða verið bætt en á nokkrum stöðum má gera enn betur. Ella bitnar langur hleðslutími hjá þeim á fé nágranna þeirra og eykur jafnframt flutningskostnað vegna lakari nýtingu bíla.

Bændur eru vinsamlega beðnir að afhenta fé fyrir hádegi ef á þarf að halda. Ef akstur með fé dregst of langt fram á daginn eykur það kostnað og takmarkar nauðsynlega hvíld fyrir slátrun.

Lömb eiga ekki að fara södd á sláturbíl og mikilvægt að þau hafi haft nægan aðgang að vatni fyrir flutning. Sömu reglur gilda og áður til að tryggja nýtingu flutningstækja. Ekki verður sótt á bæ nema þar séu að lágmarki 30 kindur. Minni hópa þarf að sameina með öðrum svo fremi sem það er heimilt vegna heilbrigðisreglna.

Rafrænar vigtarseðlar

Allir innleggjendur geta fengið vigtarseðil sendan samdægurs með tölvupósti. Koma þarf beiðni og upplýsingum um netfang til Selfoss til að hægt sé að senda gögnin.